



## Fundargerð 10. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 4. júní 2024 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Baldvin Hansson (BH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Páll Jónsson (PJ)

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVV)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

**Fjarverandi:** Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Valdemar Johnsen (VJ)

TMP og HKS ritaði fundargerð.

### 1. Styrkveitingar

Kvartmíluklúbburinn hefur sent til AKÍS að verklok séu á verkefni við uppsetningu á hátalarakerfi sem þeir fengu styrkveitingu fyrir.

Samkvæmt reglum um úthlutun styrkja skulu aðildarfélög senda inn lokaskýrslu, sem verður send til stjórnar til að upplýsa hana og staðfesta verklok.

### 2. Vinnureglur um uppgjör keppna

Erindi barst til stjórnar þar sem óskað var eftir því að settar verði vinnureglur varðandi greiðslu keppnisgjalda til keppnishaldara. Eftir umræður ákvað stjórn að vísa þessu máli til formannafundar um hvort setja ætti reglur um þetta og þá hvaða reglur.

Stjórn ákvað að á núverandi keppnistímabili að greiðslur keppnisgjalda verði út eins fljótt og hægt er eftir að keppni lýkur.

### 3. Bókhald

BH og HKS fóru yfir stöðu bókhalds sambandsins.

### 4. Rallykeppni

AÍFS þurfti að aflýsa keppni sem átti að fara fram 31 maí - 1 júní síðastliðinn vegna Eldgos. HKS er falið að heyra í AÍFS varðandi nýja dagsetningu.



## 5. FIA Immersion

Skráningarfrestur rennur út fimmtudaginn 6 júní. Þátttakendur eru á aldrinum 25 -35 ára. Enn sem komið er hafa engar umsóknir borist.

HKS fór af fundi.

## 6. Önnur mál

- Erindi barst stjórn um notkun upplýsingatöflu á fyrstu rallycross keppnistímabilsins. Formanni AKÍS falið að ræða við formann viðkomandi dómnefndar um málið.

HKS kom á fundinn að nýju.

### Til kynningar:

1. Búið er að senda út fyrirlestrar vegna öryggisfulltrúanámskeiða - Enn er hægt að skrá sig á námskeiðin.
2. Fimm aðildarfélög AKÍS hafa ekki skilað inn starfskýrslu ÍSÍ. Lokafrestur að skila inn var til 31. maí
3. Íþróttavika Evrópu er haldin dagana 23.-30. september ár hvert. Sérsamböndum ÍSÍ gefst kostur á að sækja um fjármagn til að standa fyrir kynningu eða hreyfiúrræðum í tengslum við þetta verkefni. Í viðhengi eru allar nánari upplýsingar.
4. For 2024, the FIA is pleased to announce the launch of the FIA Regional Training Programme for Stewards.

Næsti fundur verður 18. júní kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:00